



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 143/333
komudagur 21.11.2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2013

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar, 143. löggjafarþing, þskj. 89- 89. mál.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur borist beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fagnar tillögu um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni eru geðheilbrigðismál á mörkum heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu. Brýnt er að efla samþættingu og samstarf heilbrigðisþjónustu, þ.á.m. heilsugæslu, og félagsþjónustu til að samfella náist í þjónustunni og einstaklingar falli ekki á milli kerfa. Þá telur Velferðarsvið mikilvægt að við mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar verði einnig unnið að bættri samfélagsþátttöku þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og í því sambandi verði sérstaklega litið til félagsstarfs, náms, endurhæfingar og atvinnuþátttöku.

Ef frekari upplýsinga er óskað, verða þær góðfúslega veittar.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Kristín Ösp Jónsdóttir

Kristín Ösp Jónsdóttir, lögfr.